

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 194/2019**

2022/EES/77/12

frá 10. júlí 2019

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/248 frá 13. nóvember 2018 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 63/2011 um ítarleg ákvæði varðandi umsókn um undanþágu frá markmiðum um sértæka losun koltvísýrings skv. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 21aea (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 63/2011) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32019 R 0248:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/248 frá 13. nóvember 2018 (Stjtíð. ESB L 42, 13.2.2019, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/248, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 42, 13.2.2019, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.